

6. gr.

80

Þar sem talað er um ríkisstjórnina í lögum þessum er átt við ríkisstjórnina í heild. 6. ágúst

7. gr.

Ríkisstjórnin setur reglur um framkvæmd laga þessara. Má í þeim reglum m. a. ákveða mismunandi gjald af leyfum fyrir ýmsum tegundum bifreiða innan þeirra marka, er greinir í 1. gr., og einnig, að bifreiðar til ákveðinna nota séu gjaldfrjálsar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. ágúst 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

AUGLÝSING

81

7. júlí

um samkomulag um viðskipti milli Íslands og Sovétríkjanna.

Hinn 19. júní 1954 var undirritað í Moskva samkomulag um viðskipti milli Íslands og Sovétríkjanna.

Samkomulag þetta gildir frá 1. júlí 1954 til 31. desember 1955.

Samkvæmt samkomulagi þessu er gert ráð fyrir að frá Íslandi verði flutt út freðfiskur, saltsild og freðsild.

Helztu útflutningsvörur frá Sovétríkjunum verða brennsluoliur og benzín, kornvörur, sement, járnþrá, steypustyrktarjárn, koks og antracitkol.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 7. júlí 1954.

Kristinn Guðmundsson.

Sigurður Hafstað.

AUGLÝSING

82

7. júlí

um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Danmerkur.

Hinn 11. júní 1954 var undirritað í Reykjavík samkomulag um viðskipti milli Íslands og Danmerkur.

Samkomulagið gildir fyrir tímabilið 15. marz 1954 til 14. marz 1955.

Samkvæmt samkomulaginu er gert ráð fyrir að frá Íslandi verði flutt út salt-sild, saltfiskur, niðursoðnar sjávarafurðir og söltuð hrogn. Enn fremur sildarlýsi og sildarmjöl.